

Hverfisráð Öxarfjarðar

2. fundur

13. nóvember 2019

Staðsettning: Öxarfjarðarskóli

Fundur settur kl. 19:45

Mætt eru

Tryggvi Hrafn Sigurðsson

Guðfinna Ragna Sigurbjörnsdóttir

Kristín Eva Benediktsdóttir

Fundargerð ritaði: Kristín Eva Benediktsdóttir

Dagskrá fundar:

- **Fiskeldi við Röndina**

Hverfisráð óskar eftir upplýsingum um hvar vegurinn að hinu fyrirhugaða fiskeldi á að liggja og hvort vegurinn inn í þorpið þoli þungaflutningana sem eiga eftir að fara um svæðið.

- **Leikskólalóð Öxarfjarðarskóla**

Nauðsynlegt er að fara í framkvæmdir við leikskólalóð Öxarfjarðarskóla. Innan afgirts svæðis sem leikskólinn hefur er aðeins einn sandkassi. Stækka þarf leikskólalóðina sem og að bæta við leiktækjum sem henta breiðum hóp barna.

- **Sparkvöllur**

Óskir hafa komið frá foreldrum sem og starfsfólk skólans að það verði komið upp sparkvelli við Öxarfjarðarskóla, en það vantar nauðsynlega einhverja afþreyingu fyrir þau börn sem eru á svæðinu. Einnig þarf að fara í endurbætur á körfuboltavellinum sem er við skólann en hann er hrein slysagilda þar sem hellurnar eru farnar að molna og eru mjög ójafnar.

- **Snjómokstur**

Hverfisráð Öxarfjarðar skorar á sveitarstjórn að taka tillit til eftirfarandi þátta varðandi fyrirkomulag snjómoksturs í Öxarfirði.

Í ljósi þess að talsverðar kvartanir hafa borist hverfisráðinu varðandi fyrirkomulag snjómoksturs vill hverfisráðið koma eftirfarandi á framfæri:

Fyrirkomulag snjómoksturs hefur á undanförnum árum valdið mörgum gríðarlegum óþægindum. Bitnar þetta sérstaklega á skólabörnum og skólabílstjórum. Þá finnst mörgum íbúum vanta skýra stefnu í þessu máli. Undanfarið hefur fyrirkomulagið verið eftirfarandi:

Hringt er í dreifbýlisfulltrúa (sem er búsettur á Kópaskeri) og óskað eftir mokstri, dreifbýlisfulltrúi metur þá aðstæður hverju sinni í samráði við mokstursmann og er þá blásið/mokað þegar það þykir réttlætanlegt m.t.t. veðurs og aðstæðna. Því er mjög misjafnt hvort bíða þurfi í two tíma eða jafnvel two daga. Þá endar oftar en ekki með því að bændur/eða aðrir með aðgang að dráttarvél hafa farið af stað og stinga í gegn á morgnana/eða draga skólabílana upp til þess að tryggja það að þeir komist á leiðarenda. Í sumum tilvikum hefðu skólabörn ekki getað mætt í skóla í nokkra daga ef beðið hefði verið eftir mokstri/blæstri.

Auðvitað eru aðstæður þannig stundum að erfitt er að blása vegna veðurs, en hins vegar er oftar en ekki hægt að stinga í gegn og með því opna tímabundið fyrir skólabörn og aðra sem sækja vinnu þangað til það verður hægt að blása. Þá er eðlilegra að ákveðið fyrirkomulag sé haft á því sem íbúar geta treyst á eða miðað við.

En þá viljum við einnig benda á að mokstur á þjóðvegi 85 innan Öxarfjarðar er aðeins á skjön við það sem við teljum að tilkist annarsstaðar, því það er sjaldnast búið að stinga í gegn áður en skólabílarnir eru á ferðinni á morgnana. Þetta er jú vissulega á ábyrgð Vegagerðarinnar en óskum við eftir því að sveitarstjórn Norðurþings eða starfsmenn þrýsti á Vegagerðina að þetta verði gert fyrr á morgnana, svo hægt sé að auka öryggi barnanna okkar.

Hverfisráð óskar eftir upplýsingum um hvernig snjómokstri og hálkuvörnum á Kópaskeri skal hártað

- **Sorpmál**

Vantar meiri upplýsingar t.d á öðrum tungumálum en íslensku, einnig eru ennþá ekki komnar flokkunartunnur við marga vinnustaði. Þörf er fyrir móttöku á gleri.

- **Umhverfismál**

Hverfisráð Öxarfjarðar telur óásættanlegt hvernig slætti og umhirðu opinna svæða á Kópaskeri og við Lund hefur verið hártað undanfarin ár.

Vegna tækjaleysis á Kópaskeri hefur þessum verkum verið „sinnt“ frá Húsavík. Við teljum nauðsynlegt að tæki til að þjónusta þessi svæði verði staðsett á Kópaskeri og förum þess á leit að úr verði bætt svo betur megi fara í framtíðinni

- **Götur á Kópaskeri**

Yfirborðsklæðningu gatna á Kópaskeri er víða ábótavant.

Með stöðugt aukinni umferð stórra flutningabíla hafa göturnar víða látið mikið á sjá, brotnað hefur úr köntum þær missigið og myndast holar sem ítrekað þarf að gera við.

Athuga ber að þetta er ekki malbik heldur vegklæðning en því má ekki rugla saman. Þessi klæðning á götum Kópaskers er að uppistöðu til frá 1987 þó nokkuð hafi verið yfirklætt í gegnum árin, aðallega á hluta Vegagerðarinnar sem áður var mun meiri en nú.

Hverfisráð skorar á sveitarstjórn að bregðast við hið fyrsta og sjá til þess að göturnar verði lagaðar ekki síst í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda á staðnum.

- **Sundlaugarmál**

Hverfisráð óskar eftir að fá til skoðunar samning við núverandi rekstaraðila og til umsagnar nýjan samning áður en skrifað verður undir fyrir sumarið 2020.

- Önnur mál.

Íbúafundur

Stefnt er á að halda íbúafund í byrjun febrúar 2020

Fundi slitið kl. 20:45

Kunstin fra Benediktsdóttir
Guðrúnna Þórungh.
Tryggvi Úlfsh. Sigmundsson